

## ÞINGSÁLYKTUN

um breytingu á þingsályktun frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis.

Alþingi ályktar að gera eftirfarandi

**Breytingu á reglum  
um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis,  
nr. 82/1988.**

1. gr.

Í stað orðanna „sbr. 11. gr. laga nr. 52/1985, um þingsköp Alþingis“ í 1. tölul. 3. gr. reglnanna kemur: samkvæmt lögum um þingsköp Alþingis.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „laga nr. 74/1974“ í 2. másl. komi: laga um meðferð opinberra mála.
- b. Í stað orðanna „2. mgr. 80. gr. laga nr. 74/1974“ í 4. másl. kemur: lögum um meðferð opinberra mála.

3. gr.

1. mgr. 12. gr. reglnanna orðast svo:

Umboðsmaður skal fyrir 1. september ár hvert gefa Alþingi skýrslu um starf sitt á liðnu almanaksári. Skýrsluna skal prenta og birta opinberlega.

*Samþykkt á Alþingi, 4. maí 1994.*

**Salome Þorkeldóttir.**

Ólafur Ólafsson